



VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS

CONFEDERATION OF ICELANDIC EMPLOYERS

Félagsmálanefnd Alþingis
b.t. Kristínar Ástgeirsdóttur
Þórshamri v. Templarasund

150 REYKJAVÍK

GARÐASTRÆTI 41 SÍMI 511 5000
Garðastræti 41 Tel. 354-511 5000 Fax. 354 511 5050

PÓSTHÓLF 520 121 REYKJAVÍK ÍSLAND
P.O. Box 520 Iceland

Alþingi

Erindi nr. Þ 121 / 143

komudagur 25 / 11 1996

TILYGDAR
Your file

BREYGDAR
Your letter

TILYGDAR
Our ref.

DAGS
Date

RÁ/

Rvk. 22.11.1996

Vinnuveitendasambandi Íslands hefur með bréfi dags. 8. nóvember sl. borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 90. mál þingsins.

Undirritaður átti sæti í nefnd þeirri sem samdi frumvarpið. Það er að mestu leyti í samræmi við tilskipun ESB 94/33 um vernd barna og ungmenna og gerir Vinnuveitendasambandið ekki athugasemdir við ákvæði þess. Rétt þykir þó að benda á eftirfarandi:

Tilskipun ESB gildir um alla einstaklinga undir 18 ára aldri sem hafa ráðningarsamning eða eru í ráðningarsambandi sem er skilgreint í gildandi lögum aðildarríkis og/eða falla undir gildandi lög aðildarríkis. Þetta þýðir með öðrum orðum að einungis launþegar falla undir gildissvið tilskipunarinnar. Hún nær því t.d. ekki til sjálfboðavinnu, verktöku og umboðssölu (t.d. smásala dagblaða, merkja og happdrættismiða).

Lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, hafa hins vegar allt annað og víðara gildissvið. Lögin gilda skv. 1. mgr. 2. gr. um alla starfsemi þar sem einn eða fleiri menn vinna, hvort sem um er að ræða eigendur fyrirtækja eða starfsmenn. Skv. 90. gr. laganna merkir starfsemi skipulagða aðgerð eða framkvæmd, hvort sem um vinnustað er að ræða eða ekki. Fyrirtæki merkir alla þá sem reka starfsemi, hvort sem um er að ræða stofnanir, félagasamtök, einstaklinga eða aðra aðila. Um einstaklinga gildir einu hvort þeir vinna einir eða hafa aðra í þjónustu sinni.

Nefndin, sem samdi frumvarpið, var sammála um að láta kaflann um börn og unglinga fylgja gildissviði laganna að mestu leyti. Frumvarpið, í núverandi mynd, bannar alla vinnu barna undir 13 ára aldri, nema þá sem sérstaklega er heimiluð í 1. og 2. gr. frumvarpsins og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1980. Er það mun strangari ákvæði er tilskipun ESB gerir ráð fyrir. Athygli nefndarinnar er vakin á því.

Virðingarfyllst,

Ragnar Arnason.